



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Reykjavík, 12. mars 2018.

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun XXV. kafla almennra hegningarlaga, þskj. 182, 113. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist framangreind tillaga til þingsályktunar til umsagnar. Lýtur tillagan að því að Alþingi álykti að fela dómsmálaráðherra að láta fram fara endurskoðun á XXV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs í því skyni að meiðyrðalöggjöf uppfylli skilyrði 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu eins og ákvæðinu hefur verið beitt í dóumum Mannréttindadómstóls Evrópu og að ráðherra leggi fram frumvarp til laga um breytingu á XXV. kafla almennra hegningarlaga á 149. löggjafarþingi.

Í greinargerð með tillöggunni er vísað til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á sviði mannréttinda og í þjóðfélaginu almennt, t.d. með samfélagsmiðlunum, og vísað til nýlegra dóma Mannréttindadómstóls Evrópu í málum er varða brot á vernd tjáningarfrelsис fjölmiðlafólks á Íslandi. Niðurstaða flestra þeirra ber með sér að íslensk dómaframkvæmd í málum er varða 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, hefur almennt ekki endurspeglad dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins, t.d. hvað varðar meðalhóf.

MRSÍ styður tillöguna og minnir á mikilvægi tjáningarfrelsис og fjölmiðlafrelsис með vísan til orða Mannréttindadómstólsins í málinu Handyside gegn Bretlandi (mál nr. 5493/72):

„tjáningarfrelsið er einn af hornsteinum lýðræðislegs þjóðfélags, eitt af skilyrðum fyrir framþróun þess og að hver og einn geti proskast“

Virðingarfyllst,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri